



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	07.12.2016
Málalýkill	9.33
Mál nr.	1612063

Arinbjörn Vilhjálmsson
Skipulagsfulltrúi Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Garðabæ 5. desember 2016

Efni: Deiliskipulag Hörgatúns 2, lóð Veritas ehf.

Fyrir hönd Veritas ehf. óska ég eftir því að Garðabær veiti fyrirtækinu leyfi til þess að endurskoða deiliskipulag lóðarinnar við Hörgatún 2.

Veritas er samstæða 5 fyrirtækja innan lyfja-og heilbrigðisgeirans. Í heild eru starfsmenn um 200 talsins og í dag er starfsemi fyrirtækisins á þremur stöðum; Hörgatúni 2, Suðurhrauni 2 og Reykjavíkurvegi 74 sem er leiguhúsnæði.

Fyrirtækið hefur undanfarið unnið þarfagreiningu á framtíðarhúsnæðisþörf fyrir starfsemi sína. Hluti af þeirri greiningu var að rýna uppbyggingarmöguleika á lóðinni við Hörgatún 2 sem býður uppá þéttingartækifæri. Því vill Veritas skoða möguleikann á því að breyta núverandi notkun og starfsemi lóðarinnar m.a. hugsanlega með að byggja upp á suðurhluta lóðarinnar blandaða byggð íbúða, skrifstofu- og verslunarhúsnæðis.

Í greinargerð tillögu að nýju aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 segir að stefnt sé að samfelldri þéttri blandaðri bæjarmynd frá efra miðsvæði, þar sem er Garðatorg, að Sjálandi. Samkvæmt því er uppbygging blandaðrar byggðar á Hörgatúni 2 að samræmast framtíðarstefnu bæjarins fyrir viðkomandi reit, sem skilgreindur er sem neðra miðsvæði í aðalskipulaginu. Nú þegar verið er að ljúka þéttingu á efra miðsvæði ætti það að vera rökrétt framhald að huga að þéttingu á neðra miðsvæðinu sem gæti styrkt frekar miðbæjarkjarna Garðabæjar.

Hlín Sverrisdóttir skipulagsfræðingur og landslagsarkitekt hjá Skipulag og hönnun ehf. mun leiða skipulagsvinnuna fyrir hönd Veritas samstæðunnar. Óskum við eftir því að Hlín fái að byrja á því að vinna lýsingu í samvinnu við skipulagsyfirvöld í Garðabæ og í framhaldi, breytingu á deiliskipulaginu.

Með kærri kveðju og von um góða samvinnu

Hrunn Rudolfsdóttir

Forstjóri

